

Minnisblað / vinnuskjal

Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarráð
b.t. Ólafs Inga Tómassonar/Dr. Bjarka Jóhannessonar

Reykjavík, 28. nóvember 2014.

Samningar Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets um flutningskerfi raforku o.fl.

Að beiðni ykkar hafa Landslög tekið saman svohljóðandi minnisblað um samninga Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets um flutningskerfi raforku o.fl.

I. Samkomulag Hafnarfjarðar og Landsnets

Grunnsamkomulag Hafnarfjarðar og Landsnets er frá 25. ágúst 2009. Verður hér gerð grein fyrir efni og innihaldi þess samkomulags stuttu máli.

Í 1. gr. samkomulagsins kemur fram að Landsneti sé nauðsynlegt að bæta flutningskerfi raforku með því að leggja nýjar háspennulínur um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Þá kemur fram að Hafnarfjarðarbær beri ábyrgð á skipulagsmálum. Markmið samkomulagsins sé að við nauðsynlega uppbyggingu flutningskerfisins verði komið til móts við sjónarmið og stefnumörkun sveitarfélagsins að því marki sem unnt sé með vísan til skyldna Landsnets. Í því felist að lágmarka kostnaðarþátttöku Hafnarfjarðarbæjar í framkvæmdum við breytingar á kerfinu og að reynt verði að fylgja í hvívetna þeim markmiðum sem sett séu fram í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 m.a. með tengivirkjum og jarðstrengjum þar sem því verði við komið.

Í 2. gr. er fjallað um forsendur framkvæmda. Þar kemur fram að áætlanir Landsnets byggi á þeirri almennu forsendu að styrkja flutningskerfið frá Hellisheiði og út á Reykjanesskaga. Er vísað til byggingar álvers í Helguvík, netþjónabús Verne Holding og endurnýjunar og endurbóta álvers í Straumsvík. Er tekið fram að forsendur sem geti haft áhrif á framkvæmdahraða og kostnað séu að ráðist verði í fleiri verkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Þá er tekið fram að áætlanir Hafnarfjarðarbæjar um uppbyggingu hafnar- og iðnaðarsvæðis vestan Straumsvíkur geti einnig haft áhrif á framkvæmdahraða. Er vísað til fylgiskjals: Verklýsing dags. 30. september 2008, kafli 1. tilgangur og markmið.

Í 3. gr. er gerð grein fyrir breytingum á kerfinu. Í þeim felst að byggðar verði tvær nýjar háspennulínur frá tengivirki við Sandskeið að tengivirki á Njarðvíkurheiði. Af því leiði að Hamraneslínur 1 og 2 og núverandi Suðurnesjalína verði úreldar og fjarlægðar. Tengivirkinu í Hamranesi verði breytt í aðveitustöð og nýtt tengivirki reist í Hrauntungum. Af því leiði að Ísal-línur 1 og 2 verði færðar frá tengivirkinu í Hamranesi að Hrauntungum og þaðan í beina

stefnu að álverinu. Samhliða verði háspennulína sem liggur nú að Hamranesi færð í tengivirkið í Hrauntungum. Hamranes, sem þá verði aðveitustöð verði tengd við Hrauntungur með tveimur jarðstrengjum. Fram kemur að framkvæmdirnar verði í þremur áföngum sem komi allar að fullu til framkvæmda árið 2017:

1. áfangi >2011

- Ný lína frá tengivirki við Kolviðarhól að Njarðvíkurheiði
- Hamraneslína 1 og 2 teknar niður
- Frá Hrauntungu að línugötu við hraunhelli framtíðar Ísallína
- Hraunhella að Hamranesi, bráðabirgðalína þar til tengivirki í Hrauntungum byggt
- Hrauntunga að Hamranesi, nýr jarðstrengur sem tengir Hamranes við Hrauntungu
- Jarðvegsmön við Hamranes stækkuð

2. áfangi 2012-2015

- Tengivirki á Sandskeiði
- Lína frá Sandskeiði að tengivirki á Njarðvíkurheiði samsíða línu skv. 1. áfanga
- Niðurrif suðurnesjalínu 1

3. áfangi, ljúki í síðasta lagi 2017

- Tengivirki í Hrauntungum
- Ísal tengt við það, tvær línur
- Ísallínur frá Hamranesi að álveri rifnar
- Búrfellslína 3b rifin frá Stórhöfða að Hamranesi
- 132 kv. strengur lagður frá Hrauntungum að Hamranesi
- Ný lína frá Stórhöfða að Hrauntungum
- Niðurrif línu frá Hraunhelli að Hamranesi

Tekið er fram að tímasetning á niðurrifi Búrfellslínu 3b verði „...tekin til skoðunar þegar forsendur varðandi hraða uppbyggingar íbúðarsvæða Hamranes 3 og 4 áfanga liggja fyrir.“ Tekið er fram að erindi Landsnets um breytingar á skipulagi vegna uppbyggingar flutningskerfisins, dags. 30. september 2008, sé hluti samkomulagsins.

Í 4. gr. er fjallað um framkvæmdakostnað. Kemur fram að verði framkvæmdir gerðar í þeim áföngum sem lýst er í 3. gr. muni Landsnet bera allan kostnað vegna þeirra. Þá er tekið fram að breytist þær forsendur sem Landsnet gefi sér þannig að flýta þurfi framkvæmdum beri fyrirtækið þann kostnað sem af því hljóttist.

Þá segir að Hafnarfjarðarbær leggi áherslu á að framkvæmdum verði lokið eigi síðar en 2015. Verði framkvæmdum flýtt vegna óska sveitarfélags kveði lagaskyldur á um að sveitarfélaginu beri að greiða flýttikostnað. Eigi síðar en 1. júní 2013 skuli aðilar fjalla um þær forsendur sem liggi til grundvallar áfangaskiptingu. Er tekið fram að hafi forsendur Landsnets ekki breyst geti Hafnarfjarðarbær engu að síður óskað þess að framkvæmdum verið lokið árið 2015 en þá

skuli gera sérstakt samkomulag um „flýtikostnað“. Áætlaður flýtikostnaður við þriðja áfanga sé 300 mkr.

Í 5. gr. er tekið fram að Landsnet skuli lágmarka sýnileg áhrif flutningskerfisins innan lagaramma. Mastragerð skal látlaus og áhrif aðveitumannvirkja og tengivirkja eins lítil og kostur er sbr. fylgiskjal.

Í 6. gr. eru fyrirvarar. Landsnet setur fyrirvara um að breytist forsendur fyrirtækisins verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmdanna t.d. verði hætt við orkufrekan iðnað sé fyrirtækinu í sjálfsvald sett hvort ráðist verði í framkvæmdir eða ekki. Skal þá hefja viðræður um málið til að lágmarka tjón aðila.

Hafnarfjarðarbær gerir fyrirvara um að breytist forsendur varðandi aukinn flutning orku til álversins eða kostnað eða tæknilega lausnir verði teknar upp viðræður um endurmat á forsendum þess að leggja raflínur í lofti í álverið.

Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að almenna flutningskerfið megi standa óbreytt í 20 ár frá því hver lína er tekin í notkun. Þá er tekið fram „*Ef samfelld byggð á svæðinu þróast þannig að háspennulínur hamli verulega frekari þróun byggðar á einhverjum hluta línuleiðarinnar eru aðilar sammála um að sá hluti raforkukerfisins verði færður fjær byggð, ef til þess fást tilskilin leyfi.*“ Tekið er fram að línurnar verði færðar eða lagðar í jörðu. Landsnet beri kostnað við þetta. Þá segir að með verulegri hömlun á þróun byggðar eigi aðilar við að svæðið verði ekki skipulagt fyrir íbúðabyggð á eðlilegan hátt vegna staðsetningar háspennulínunnar.

II. Viðauki við samkomulag Hafnarfjarðar og Landsnets

Þann 25. október 2012 gerðu aðilar viðauka við samkomulagið. Verður leitast við að gera í stuttu máli grein fyrir innihaldi hans.

Í 1. gr. er vísað til fyrirvara Landsnets um að breyttist forsendur verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmda sé fyrirtækinu í sjálfsvald sett hvort ráðist verði í framkvæmdir. Að sama skapi hafi Hafnarfjarðarbær lagt áherslu á með samkomulaginu yrði reynt að fylgja eins og kostur væri þeim markmiðum sem sett eru í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í 2. gr. kemur fram að breyta verði áætlunum samkomulagsins um framkvæmdatíma og einstaka verkþáttum innan hvers áfanga. Ekki sé hægt að tímasetja hvenær framkvæmdunum ljúki né í hvaða röð þær verði unnar en aðilar hafi rætt saman skv. 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins.

Í 3. gr. kemur fram að Hafnarfjarðarbær hafi lagt megináherslu á niðurrif Hamraneslína 1 og 2 þar sem þær hafi veruleg áhrif á þróun íbúðarbyggðar sem Hafnarfjarðarbær hafi lagt verulegan kostnaði í. Þetta fari saman við megin stefnumörkun Landsnets.

Í 4. gr. segir að Landsnet hafi „*upplýst*“ Hafnarfjarðarbæ um þá ákvörðun sína að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir við niðurrif Hamraneslínu og undirbúningur hefjist eigi síðar en 2016 þannig að unnt sé að fjarlægja línuna eigi síðar en árið 2020. Jafnframt er áréttaður sá skilningur aðila að hefjist framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs álvers í Helguvík eða annars orkufreks iðnaðar verði þegar hafinn undirbúningur að fyrrgreindum framkvæmdum.

III. Umsögn um samninginn, viðaukann og breyttar forsendur

Fyrir liggur að tímaáætlanir samningsins hafa ekki staðist af hálfu Landsnets. Það sem megin máli skiptir, eins og málið horfir við undirrituðum og mál hafa þróast, er 6. gr. samningsins. Í 2. mgr. greinarinnar eru, eins og áður er rakið, mjög víðtækir fyrirvarar af hálfu Landsnets. Þeir virðast gefa félaginu mikið svigrúm til að ákveða hvort félagið ráðist í framkvæmdir breytist forsendur fyrirtækisins verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmdanna. Landsnet hefur, svo undirrituðum sé kunnugt, ekki gert grein fyrir 1) hverjar þessar breyttu aðstæður eru og 2) hvort þær eru verulegar varðandi efnahagslegar forsendur verkefnisins. Í því sambandi er rétt að minna á að samkomulagið er gert eftir hrun árið 2009. Niðurrifi Hamraneslína átti að vera lokið árið 2011. Ekki er augljóst, að mati undirritaðs, þó einhverjar breytingar hafi orðið hafi það áhrif á alla framkvæmdina. Mismunandi forsendur geti verið fyrir mismunandi hlutum hennar. Eðlileg krafa af hálfu Hafnarfjarðarbæjar er að óska eftir að Landsnet geri grein fyrir þessu.

Í greininni kemur og fram að komi staða sem þessi upp skuli aðilar taka upp viðræður um málið til að lágmarka tjón aðila. Nánar verður vikið að því síðar.

Viðaukinn breytir að mati undirritaðs ekki miklu. Í 2. gr. kemur þó fram að ekki sé hægt að tímasetja hvenær fyrirhuguðum framkvæmdum við flutningskerfið ljúki né í hvaða röð þær verði unnar. Tekið er fram að aðilar hafi rætt saman sbr. niðurlag 2. mgr. 6. gr.

Eina efnislega sem kemur fram í viðaukanum er einhliða yfirlýsing sem fram kemur í 4. gr. um að:

„Landsnet hafi upplýst Hafnarfjarðarbæ um þá ákvörðun sína að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir við niðurrif Hamraneslínu 1 og 2 og að undirbúningur þeirra hefjist eigið síðar en árið 2016 þannig að unnt sé að fjarlægja Hamraneslínu 1 og 2 eigi síðar en árið 2020.“

(skál. og undirstr. ÍP)

Í ljósi þess að Landsnet hefur nú óskað eftir leyfi til að ráðast í hluta þeirra framkvæmda sem fyrsti áfangi tók til telur undirritaður eðlilegt, og í samræmi við niðurlag 2. mgr. 6. gr. samningsins, að áður en leyfi verði veitt setjist aðilar niður og ræði framhald framkvæmda og nauðsynlegar breytingar á samningnum m.a. til að lágmarka tjón Hafnarfjarðarbæjar. Landsnet geti ekki einhliða og án viðræðna við sveitarfélagið týnt inn þá hluta framkvæmdanna sem henta fyrirtækinu án þess að ræða um framhald framkvæmdanna og þau atriði sem skipta Hafnarfjarðarbæ mestu. Engu breytir þar um þó aðilar hafi áður rætt saman vegna viðaukans.


Viðræður eru að mati undirritaðs einnig nauðsynlegar í ljósi 4. mgr. 6. gr. samkomulagsins. Þar kemur fram að Hafnarfjarðarbær skuldbindi sig til að almenna flutningskerfið megi standa óbreytt í 20 ár frá því hver lína er tekin í notkun. Hvað þýðir þetta fyrir þá framkvæmd sem nú er sótt um. Má Suðurnesjalína standa í 20 ár frá Hamranesi á þeim stað sem hún verður nú sett?

Í annan stað telur undirritaður nauðsynlegt að ræða 2. másl. 4. mgr. 6. gr. samkomulagsins. Þar segir, eins og getið var að framan; „*Ef samfelld byggð á svæðinu þróast þannig að háspennulínur hamli verulega frekari þróun byggðar á einhverjum hluta línuleiðarinnar eru aðilar sammála um að sá hluti raforkukerfisins verði færður fjær byggð, ef til þess fást tilskilin leyfi.*“ Tekið er fram að línurnar verði færðar eða lagðar í jörðu og að Landsnet beri kostnað við þetta. Þá segir að með verulegri hömlun á þróun byggðar eigi aðilar við að svæðið verði ekki skipulagt fyrir íbúðabyggð á eðlilegan hátt vegna staðsetningar háspennulínunnar.

Undirritaður telur að framangreindar aðstæður eigi við um þá áfanga sem tilbúnir eru til úthlutunar við Skarðshlíð en verður ekki úthlutað vegna línunnar. Þetta eigi jafnframt við um þann hluta Hnoðraholtslínu sem takmarki uppbyggingu á Áslandi 4 og 5/Vatnshlíð.

Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landslaga,



Ívar Pálsson hrl.